

ÞRJÚÞÚSUND

OG NÍU ÁR

Bjarki Bragason



17.01.–03.03.2019

Nýlistasafnið The Living Art Museum

## ÞRJÚÞÚSUND OG

kl. 11:00 / 14:02

Ég ætla að fara aðeins upp á skaflinn og skoða þessa hluti. Standa í miðri á.

11:15 / 13:57 / 12:05

Í sumar fórum við að sporði Breiðamerkurjökuls. Þar er að koma í ljós birkitré sem grófst undir jöklinum í einhvers konar hamförum í júní fyrir um 3000 árum.

11:25 / 13:58

Tréð fannst fyrir tilviljun þegar leiðsögumaður gekk fram á það. Þegar við komum að því núna í júní stóð hluti af bolnum út úr urðinni, eiginlega mætti segja að þetta væri skafl við strönd lónsins. Jökullinn hörfar um 100 metra á ári, undan honum riðjast öldur af grjóti og jarðlög. Jarðfræðingarnir grófu í skaflinum á meðan við freistuðum þess að ná til annars trés semv lá skorðað í miðri ánni sem rennur undan jöklinum niður þröngt gil. Eftir nokkurra klukkutíma verk við að hreinsa frá trénu var sá hluti þess sem stóð út úr skaflinum sagaður frá. Eftir mælingar var hann hlutaður niður, úr þessu 3000 ára gamla tréi kom sag sem hríslaðist eftir biti verkfærisins. Ég prófaði að tyggja það en fann ekkert annað en bragð af mold og dálítið fúlum leir. Þegar við náðum í tréð var það fullt af vökva, svo því var pakkað inn í eldhúsfilmu og flutt í forvörslu, þar sem vökvanum verður skipt út fyrir vax eða olíu í einhverskonar lofttæmdu rými held ég.

11:40 / 14:01 / 14:54 / 12:09

Ég tók með mér brotin sem eftir urðu við skurðinn á trénu, moldina sem umlék trjábolinn í skaflinum, fyllti bakpokann með plastpokum fullum af mold og þungri leðju. Stígvélin voru límd á lappirnar eftir dag af göngu fram og til baka í ánni, mig minnir að það þau hafi verið þrjú sem tosuðu þau af mér á meðan ég lá á bakinu og spyrnti á móti. Nú er ég með þessa mold hér, horfi á búta og smá sprek úr trénu á skrifborðinu. Tíu tímum síðar er ég búinn að týna út allar flísarnar.

11:43 / 14:05 / 12:14

Hinu megin við plastpokana eru bunkar af plöntum, eiginlega of margir. Kannski gleymdist að taka ný sýni af ösp og birki. Einhverju gleymdi ég uppi á hillu, aftur. Upprunalega lóðin er stærri en lóðir í dag því að þegar þau fluttu í húsið sem áður stóð þarna var þetta sveit, langt út fyrir jaðar borgarinnar, lítill jarðvegur, ísaldarklappir, hvorki rafmagn né vatn. Í garðinn voru yfir árin keyrð ótal bílfarmar af mold og tré týnd til héðan og þaðan, þannig breyttist þetta smátt og smátt í ræktaðann garð, eiginlega skrudgarð. Ég hringdi í verktakann sem keypti húsið í vor og hef síðan þá mátt vera í garðinum að safna. Allt er í órækt, sumar plöntur hættar að vaxa, aðrar breiða úr sér. Grasið í mittishæð. Einn og einn túlípani og páskalilja hér og þar. Grasafræðingur sagði mér að garðurinn væri dæmigerður fyrir miðja tuttugustu öldina í íslenskum húsagörðum, fleiri tegundir en tíðkast í gördum í dag, plöntur teknar víða að og ræktaðar. Engin sjaldgæf jurtt vex þarna, en túlípana tegundin er hugsanlega gömul og fágæt í gördum í dag. Eitthvað hefur bæst ofan á allt. Einhverjir hafa búið í húsinu yfir þetta tímabil, örugglega ólíkir aðilar. Inni var allt fullt af húsgögnum og beddum, búið að múra upp í einn glugga. Hann sendi mér í sms-i að fara bara inn, það væri opið. Næsta dag var búið að tæma allt.

11:59 / 14:07

Klukkan varð 12:00 í þann mund sem ég skrifaði 11:59. Nú á ég safn af öllum plöntum frá báðum tímabilunum auk smá safns af allskyns viðbótum sem hefur verið komið fyrir í garðinum á undanförunum árum. Arinn hlaðinn úr múrsteinum á flísalögðu vörubretti. Ég veit ekki hvort að undirstöðurnar myndu brenna ef kveikt væri upp í honum. Hann stendur í halla við hliðina á ísaldarklöppinni sem fólk hefur rist nöfn sín í gegnum árin. Einn kofi í ágætu ásigkomulagi, annar hátt uppi í tréi en í algjöru maski. Tvær aspir hafa verið hoggnar til hálfis og á milli þeirra sett upp stöng fyrir rólu sem á vantar sjálfa róluna. Rólan er undarlega nálægt húsveggnum, næstum eins og maður myndi rekast utan í hann ef maður rólaði sér. Arinninn er ekki sót svartur svo hann hlýtur að vera ónotaður, utan um hann er strengt segl. Ég helli sílikoni yfir klöppina en fann bara einn bókstaf þar, þarf að bursta mosann af en legg ekki alveg í það.

12:20 / 08:55

Síðasta sumar leit allt út fyrir að hafist yrði handa við niðurrif á húsinu. Ég sló grasið sem snýr út að götunni gegnt því að fá meiri tíma til að safna.

13:21 / 14:08

Þung lykt af rotnandi jarðvegi og grasi fyllir nú herbergið og ég reyni að finna leiðir til þess að þurrka heyið, á sama tíma og ég reyni að halda bútonum af trénu að austan blautum svo þeir springi ekki, en köldum svo þeir mygli ekki. Niðurrifið frestast og ég fékk allt í einu meiri tíma. Yfir mánuðina sem liðu var grasið sem stóð úti við skúrinn orðið súrt, mörg hundruð kíló af súrhegi og rigningarvatni. Neðst í pöknum er það orðið að mold, efst lauf og strá, í miðjunni dálftil mygla og mjög mikið af flugum. Undan rennur dökkt og þykkt vatn.



## NÍU ÁR

Það er sérstök tilfinning að koma aftur á stað þar sem maður þekkir sig, en allt umhverfið hefur breyst, tíminn hefur haldið áfram og eðli staðarins breyst. Sýningin Þrjúþúsund og níu ár er skoðun á því hvernig staðir breytast og umhverfast. Hvernig hverfur staður og hvernig er hægt að skoða þau öfl sem breyta umhverfinu? Hvernig er hægt að ná utan um hugmyndir um hnattrænar breytingar eða kaflaskipti í eigin lífi?

Þrjúþúsund og níu ár er hluti af tíu ára ferli þar sem Bjarki hefur fengist við garð ömmu sinnar og afa sem útgangspunkt og aðferð til þess að spegla ólík samhengi og kanna hvernig kortlagning breytinga á sér stað, það að safna hlutum er fyrir honum jafn mikilvægt og hlutirnir sjálfir.

Árið 2010 var lóðin og húsið sem á henni stendur selt, og fyrir lá að þar myndu rísa stærri nýbyggingar. Húsið ber borgarþróun og stéttasögu landsins merki, sem dæmi um sumarhús sem skref fyrir skref yfir áratuga-skeið þróaðist yfir í stóGarðurinn yrði því rifinn og ísaldarklöpp sem undir honum er sprengd upp til að rýma fyrir kjallara. Það sumar tók Bjarki sýni af öllum plöntum í garðinum, en árið 2011 sýndi hann verk úr ferlinu á einkasýningunni Á milli B og C í sýningar-rýminu Suðsuðvestur í Keflavík. Þar stefndi hann saman spurningum um garðinn og brotum af útdauðum plöntum sem hann eignaðist í gegnum bréfaskriftir við plöntufræðing við Bishop Safnið á Hawaii. Ekkert varð af byggingarframkvæmdum í garðinum þá og hefur hann staðið í órækt í tíu ár.

Sumarið 2018 safnaði Bjarki aftur öllum tegundum af gróðri sem þar vex. Einnig kortlagði hann á marga ólíka vegu þau nýju lög af breytingum sem bæst hafa við staðinn; vísbendingar um áætlanir um notkun á staðnum sem hafa ýmist verið framkvæmdar eða skildar eftir sem virðist í miðjum klíðum. Á sýningunni má sjá þessi tvö söfn af plöntum, en umfram það að vera tilraun til þess að búa til heildarmynd af lífríki á jafn venjulegum stað og húsagarði er hér að finna tilraun til þess að búa til sjónarhorn, ummerki um gjörðina að safna. Myndirnar á veggjunum eru settar fram á sama máta og plöntunum var safnað, í þeirri röð sem þeim raðað á pappír til þurrkunar og pressaðar.

Á ákveðnum tímamarki raknaði kerfisbundin aðferðin upp, útilokun í valferlinu riðlast, heildarmyndin verður umfangsmeiri, endurtekningar eiga sér stað. Þannig fæst Bjarki ekki síður við ferlið sjálft, hvaða hlutverk skáldskapur á í því að búa til ímynd og skráningu á sögu og þær huglægu ástæður sem liggja að baki söfnun. Staflar af þurrkuðu súrhevi úr garðinum, sem hann gleymdi í fjóra mánuði utandyra er stillt upp við hlið plöntusafns frá seinni hluta nítjándu aldar, sem hefur fylgt Bjarka í gegn um verkefnið. Safnið geymir Herbarium katalóg yfir hundruði lækningajurta sem uxu í Evrópu á þeim tíma og var útskriftarverkefni Adolfs Honolds úr lyfjafræðinámi. Afkomendur Honolds gáfu Bjarka katalóginn á seinni stigum verkefnisins í garðinum, og birtist hann hér líkt og súrhevið, stafl af uppsöfnuðum tíma. Bjarki nálgast katalóginn líkt og aðra þætti sýningarinnar þar sem hlutum er safnað og þeir endurstaðsettir; haugurinn er ekki grafinn upp til að skoða einingarnar í honum, heldur er haugurinn viðfangsefnið sjálft, í senn hlutur og myndlíking.

Tungumál verkanna bendir á kerfin og stoðirnar í minni og söfnun og vísa fram og aftur í tíma. Á sama tíma og Bjarki safnaði seinna tímabilinu í garðinum tók hann þátt í uppgreftri á sirka þrjúþúsund ára gömlu birkitréi á Breiðamerkursandi, en sökum loftslagsbreytinga og bráðnun jökla birtist það nú varðveitt undan jökulaurum líkt og tímahylki. Með þátttöku sinni í uppgreftrinum með jarðvísindamönnum frá Skógrækt Ríkisins og Náttúrustofu Suðausturlands skoðaði Bjarki ferlin við það þegar hlutur er grafinn upp úr umhverfi sínu til þess að hann megi vera skoðaður og úr honum megi lesa upplýsingar um breytingar í fortíðinni, hvað varð þess valdandi að tréð og sá mögulegi skógur sem það gæti hafa staðið í grófst skyndilega undir, í júní sirka 982 árum fyrir okkar tímatal. Fyrir Bjarka er moldin sem umlukið hefur fornleifar ekki síður mikilvæg en *hluturinn* sem leitað er að.

Sýningin Þrjúþúsund og níu ár beinir sjónum okkar að ólíkum vistkerfum sem ganga í gegnum byltingar, húsagarður og jökull eru lögð til jafns og við horfum á brot þessara kerfa allt í kring um okkur, staðsett í árekstri hins mennska og þess jarðfræðilega.



Bjarki Bragason (f. 1983) lærði myndlist við Listaháskóla Íslands, Universitát der Kunste Berlin og lauk framhaldsnámi við California Institute of the Arts í Los Angeles. Hann hefur tekið þátt í ýmsum samsýningum og haldið einkasýningar bæði á Íslandi og utanlands. Verk hans eru í safnheign Nýlistasafnsins, Listasafns Íslands og einkasafna á Íslandi og erlendis. A meðal einkasýninga má nefna *Past Understanding* í Listasögusafni Vinarborgar, *Desire Ruin* í Náttúrufræðisafni Vinarborgar, *The Sea* við Schildt Stofnunina í Tammisaari, Finnlandi, *Hlutur af hluta af* hluta við Listasafn ASI og *A mill B* og *C* í Suðsuðvestur.

Á meðal samsýninga eru *Riki: Flóra, fána, fabúla* í Listasafni Reykjavíkur, *Imagine the Present* við St. Paul Street Gallery í Auckland, Nýjasílandi og *Infrastructure of Climate* í Human Resources, Los Angeles. Verk Bjarka hafa birst í ritum á borð við *Distance Plan* sem skóðar loftslagsbreytingar í samhengi við verk myndlistarlistamanna og árið 2018 birtust verk hans í bók Janine Randerson, *The Weather as a Medium: Towards a Meteorological Art* sem gefin er út af MIT Press. Á undanförunum árum hefur Bjarki unnið að rannsóknarverkefnum, þ.á.m. *Infinite Next* í samstarfi við Önnu Lindal og Jöklafræðinga á

Grænlandssjókli. Hann hefur dvalið í residensium á borð við Helsinki International Artist Programme og Bundskanzleramt í Austurríki. Á næstunni mun Bjarki vera leiðbeinandi við SOMA í Mæxíkóborg, og haustið 2019 mun hann í samstarfi við Önnu Lindal vinna að vettvangsrannsóknum við Sagehen Creek Field Station rannsóknarstöð University of California Berkeley í Sierra Nevada fjöllum. Bjarki er síðan 2016 lektor og fagstjóri við myndlistardeild Listaháskóla Íslands.

## Sérstakar þakkir

Jökull Torfason, Guðrún Lísa Erlendsdóttir, Bragi Baldursson, Vilborg Halldórsdóttir, Baldur Kristjánsson, Ragnheiður K. Sigurðardóttir, Guðmundur Torfi Gíslason, Þórunn Inga Sigurðardóttir, Borgar Jónsteinnsson, Rebekka Rut Borgarsdóttir, Ernir Snær Hjálmarsson, Edda Kristín Sigurjónsdóttir, Rúna Thors, Tryggvi Jónsson, Didier Lebon, Gabriela Sánchez y Sánchez de la Barquera, Claudia Hausfeld, Ragnhildur Stefánsdóttir, Þorbjörg Jónsdóttir, Anna Línal, Magnús Tumi Guðmundsson, Náttúrustofa Suðausturlands, Snævarr Guðmundsson, Skógrækt Ríkisins, Hildigunnur Birgisdóttir, Hjörtur Sigurðsson, Hjörtur Þorbjörnsson, Sigurður Atli Sigurðsson, Leifur Ýmir Eyjólfsson, Oddur Wilhelm Guðmundsson, Sólveig Halldórsdóttir, Hildur Steinþórsdóttir, Gísli Pálsson, Bärbel Schwarz, Leni Schwarz, Wolfgang Schwarz, Steinþór Nielsson, Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir, Berglind Jóna Hlynsdóttir, Þórunn Hannesdóttir, Gunnar Helgi Guðjónsson, Hjördís Gréta Guðmundsdóttir, Í réttum ramma, Listaháskóli Íslands, Bryndís Snæbjörnsdóttir, Hekla Dögg Jónsdóttir, Hildur Bjarnadóttir, Sigrún Inga Hrólfssdóttir, Ólöf Nordal, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Bishop Museum Honolulu, Napua Harbottle, Clyde Imada, Sigurjón Gunnsteinnsson, Stjórn og varastjórn Nýlistasafnsins, Dorothee Kirch.

Hönnun Design ■ Studio Studio  
(Arnar Freyr Guðmundsson,  
Birna Geirfinnsdóttir)

Sýningin er unnin í samtali við Dorothee Kirch



Myndlistarsjóður

